

Ár 1986, mánudaginn 21. júlí, var í málinu nr. 5/1986 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi.

Ú R S K U R Ð U R:


Með bréfi, dags. 26. mars 1986, kærði eigandi fasteignarinnar nr. 29 við Leirutanga í Mosfellsveit, Gunnar Jónsson héraðsdómslögmaður, til nefndarinnar úrskurð Fasteignamats ríkisins frá 20. mars 1986. Kröfur kæranda eru í fyrsta lagi þær, að viðurkennt verði að nefnd fasteign hans hafi ranglega verið metin í fasteignamat því, er tók gildi 1. desember 1985, og að samkvæmt því hafi honum einnig verið ranglega gert að svara fasteignaskatti af eign þessari árið 1986. Í öðru lagi er þess krafist, að skráð verði, að um sé að ræða 129,6 fermetra íbúðarhúsnæði á einni hæð, og að það verði metið á um það bil kr.1.000.000.-. Kærandi hefur rökstutt sjónarmið sín rækilega í fyrrgreindu bréfi og meðfylgjandi skjölum.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, var umrædd húseign orðin fokheld í skilningi 3. tölul. 6. gr. reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat þegar á árinu 1985. Bar þá að skrá og meta eignina fasteignamati samkvæmt sama reglugerðarákvæði/og greiða af henni fasteignaskatt árið 1986, sbr. 3.gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Um réttmæti og réttaráhrif þess, að synjað var um að gefa út "fokheldisvottorð" þar til 28. febrúar 1986, svo sem kærandi heldur fram, er ekki á valdi Yfirfasteignamatsnefndar að úrskurða. Þá telur nefndin, að ekki sé að öðru leyti við skráningu og mat umræddrar fasteignar að athuga.


Samkvæmt því, sem að ofan greinir verður kæran ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:


Ofangreind kæra er ekki tekin til greina.



Gaukur Jörundsson



Guðmundur Magnússon



Pétur Stefánsson